

Föstudaginn 12. ágúst 1994.
 Nr. 351/1994. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
 gegn
Unnari Sigurði Hansen
 (Hilmar Ingimundarson hrl.) og
Halldóri Svavari Ólafssyni
 (Sigurður Guðmundsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 11. ágúst 1994, sem barst réttinum sama dag. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst varnaraðilinn Unnar Sigurður Hansen kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. ágúst 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Unnari Sigurði Hansen, kt. 170966-4659, og Halldóri Svavari Ólafssyni, kt. 180571-3029, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til nk. mánudags 15. ágúst kl. 16.00.

Þeir Unnar og Halldór eru grunaðir um aðild að þremur innbrotum, er framin voru á Dalvík aðfaranótt miðvikudagsins 10. ágúst sl. Þeir voru handteknir á Vesturlandsvegi skammt vestan Hvítaness, þar sem bifreið þeirra hafði verið ekið út af veginum. Í bifreiðinni fundust ýmsir munir og fé, er lögregla telur, að séu úr innbrotunum á Dalvík, en þar var brotist inn í veitingastaðinn Sæluhúsið, Áhaldahús bæjarins og fiskverkunina Blika.

Skýrslur voru ekki teknar af kærðu hjá lögreglu, en þeir voru spurðir um

sakaratriði fyrir dómi fyrr í morgun. Neituðu þeir báðir aðild að innbrotum þessum.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Grun lögreglu um aðild kærðu, Unnars og Halldórs, að brotum gegn 244. gr. alm. hgl. verður að telja rökstuddan.

Með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður báðum kærðu gert að sæta gæsluvarðhaldi, svo sem krafist er, til nk. mánudags.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærðu, Unnar Sigurður Hansen og Halldór Svavar Ólafsson, skulu sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 15. ágúst nk. kl. 16.00.
